

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 22. maí 2018
UST201804-297/B.S.
10.05.05


Efni: Framkvæmdaleyfi - Nesjavallavirkjun – Tilraunaniðurrennsli. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um tímabundið framkvæmdaleyfi vegna tilraunaniðurrennslis í holu NJ-18 við Nesjavallavirkjun.


Gert er ráð fyrir að leggja um 1300 m langa lögn á yfirborði frá holu NN-7 að holu NJ-18. Lagnaleiðin er að mestu á þegar röskuðu landi og er talið að sá hluti framkvæmdarinnar sé afturkræfur. Umhverfisstofnun gerir hvorki athugasemdir við lögnina eða lagnaleiðina.

Tilgangur framkvæmdarinnar er hluti af áformum On um að láta af losun jarðhitavatns á yfirborði á Nesjavöllum. Ekki liggja fyrir endanlegar niðurstöður um áhrif niðurrennslis til þessa á neðra gunnvantskerfið sem er á 200-800 m dýpi.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að láta af losun jarðhitavatns á yfirborði vegna mögulegra áhrif á grunnvatn og Þingvallavatn. Umhverfisstofnun telur að er ferilefnapróf leiða í ljós neikvæð áhrif á neðra grunnvatnskerfið ætti að skoða kosti þess að losa vatnið í jarðhitakerfið og að áfram verði fylgst með áhrifum niðurdælingarinnar.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri